

2020 nr. 54 16. júní**Lög um ferðagjöf**

Tóku gildi 23. júní 2020. Breytt með: L. 147/2020 (tóku gildi 31. des. 2020).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

Ferðagjöf er stafræn 5.000 kr. inneign útgefin af stjórnvöldum til einstaklinga 18 ára eða eldri með íslenska kennitölu og með skráð lögheimili á Íslandi.

Einstaklingur getur notað ferðagjöf til greiðslu hjá fyrirtækjum sem uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum og hafa starfsstöð á Íslandi:

1. Fyrirtækjum með gilt leyfi Ferðamálastofu skv. III. kafla laga um Ferðamálastofu, nr. 96/2018.

2. Fyrirtækjum með gilt rekstrarleyfi skv. 7. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

3. Fyrirtækjum með gilt starfsleyfi frá viðeigandi heilbrigðisnefnd sem hefur verið gefið út fyrir veitingastað í flokki I, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

4. Ökutækjaleigum með gilt starfsleyfi frá Samgöngu- og ökutækjastofu skv. 1. mgr. 3. gr. laga um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 65/2015.

5. Söfnum og fyrirtækjum sem bjóða sýningu gegn endurgjaldi þar sem áhersla er á íslenska menningu, sögu eða náttúru.

Einstaklingi er heimilt að gefa eigin ferðagjöf.

Einstaklingur getur að hámarki greitt með 15 ferðagjöfum.

Gildistími ferðagjafar er frá útgáfudegi til og með [31. maí 2021].¹⁾

¹⁾ L. 147/2020, 1. gr.

■ 2. gr.

Ferðagjöf er undanþegin skattskyldu skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

■ 3. gr.

Hvert fyrirtæki getur að hámarki tekið við samanlagt 100 millj. kr. greiðslu í formi ferðagjafa.

Fyrirtæki sem metið var í rekstrarerfiðleikum 31. desember 2019 getur að hámarki tekið við samanlagt 25 millj. kr. greiðslu í formi ferðagjafa.

■ 4. gr.

Ferðamálastofa hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara.

■ 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.